



## Stutt álitserð um starfslið o.fl. á Keflavíkurflugvelli.

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Álitserð – Keflavíkurflugvöllur -  
1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-10, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Okt. 1949

Stutt álitssgerð um starfslið  
o.fl. á Keflavíkurflugvelli.  
-----

I útvarpsumræðum þann 18. okt. var eftirfarandi staðhæft af einum frambjóðanda:

- I. Að starfslið Keflavíkurflugvallar ef Íslendingar rækju hann þyrfti aðeins að vera um 100 menn.
- II. Að hægt væri að reka völlinn með þessu starfsliði, ríkinu að kostnaðarlausu.

Gera verður ráð fyrir að flugvöllurinn verði rekinn áfram, sem fullkominn alþjóðaflugvöllur eða geti annast öll þau störf sem nauðsynlegt er á slíkum flugvelli.

I. Starfslið flugvallarins er nú um 700 manns þar af um 500 Bandaríkjamenn og um 200 Íslendingar, þ.e. að samkvæmt fyrnefndri staðhæfingu yrði um 600 menn óþarfir ef Íslendingar yfirtækju flugvöllinn.

Það er að vísu rétt að mikið mætti fækka af starfsfólkinu við yfirtöku vallarins, svo sem í eldhúsum, byrgðageynslum, sjúkrahúsi, skrifstofum, við farðagæzlu o.s.frv. En fækkunin nemur samt sem áður ekki nándar nærri 600 mönnum.

Það mun láta nærri að fjöldi starfsmanna á Keflavíkurflugvelli miðað við þá umferð, sem hefir verið um völlinn að undanförmu, og þá þjónustu sem þar þarf að leysa af hendi, verði sem hér segir:

1. Flugvallarstjórn, þar með taldar skrifstofur	15
2. Flugumferðastjórn	6
3. Loftskeytaþjónusta (þar með talin blindlendingakerfi)	25
4. Slökkvilið	12
5. Flugvallarverðir (Lögregla)	8
6. Gistihús og þvottahús, matsalir o.fl.	40
7. Viðhald flugvallarins (verklegar framkvæmdir)	50
8. Véla- og bílaverkstæði	20
9. Flugvéla- og farþegaafgreiðsla	20
10. Flugvélaviðgerðardeild	10
11. Birgðavarzla	4
12. Veðurstofa	15



Eða samtals 225, en það mun vera alger lágmarksfjöldi starfsmanna, sem þyrfti til að starfrækja völlinn af hálfu Íslendinga og er þó ekki björgunarflugsvæit eða sjúkrahús talið með, þar eru nú um 30 menn starfandi.

II. Rekstrarútgjöld Keflavíkurflugvallar með þessu starfsliði myndi verða um 8 til 10 milljónir króna á ári ef rekstrarafkoma Reykjavíkurflugvallar eins og hún hefur verið að undanfögnu er höfð til hliðsjónar.

Árlegar tekjur af flugvellinum má áætla um 1 1/2 til 2 milljónir, of myndi þá rekstrarhallinn af Keflavíkurflugvelli nema, sem svarar 6 - 8 milljónum króna á ári. Þetta er varlega áætlað og að líkindum yrði rekstrarhallinn hærrí en þessi upphæð.

Eg hefi nú leitt rök að því hve staðhæfingar þær sem getað er um í upphafi þessarar álitsgerðar eru fjarstæðukendar og að því er virðist gripnar úr lausu lofti.

Enda býst ég við að hinn "góði heimildarmaður" frambjónandans hafi slegið fram þessari fullyrðingu að óaðthuguðu máli, aðeins til þess að segja eitthvað er hann var spurður.

Tíminn leyfir ekki að gerð sé nákvæm grein fyrir þessu nú, en nákvæma greinargerð er ég fús til að semja hvenær sem er.

19. okt. 1949.

